

lyktum. Öðru megin stendur orpodoxian, presta samsetningur og þáfinn í Rómaborg, en hinu megin Kristur og postuðr haus, skynsemi og samvizka, upplýsing og menntun.

Civilisation, menntun mannkynsins er, og hefir jafnan verið, í því fólgin, að það sjer og viðurkennir og notar æ meir og meir af sannleikanum. *Sannleikurinn* í hverri grein sem er, er það eina guðs orð, sem heimurinn hefir nokkurn tíma fengið, eða mun fá. Guð hefir á öllum öldum, talað, opinberað sitt orð fyrir sína mestu og beztu syni, heimspekinga, síðabótamenn og vísindamenn. Vjer kristnir menn trúnum því með góðum og gildum rökum, að Jesús Kristur hafi verið sú mesti og behti þeirra allra, sem hingað til hafa lifað á jörðu og talað til vor orð guðs og sannleikans. Eg er kominn sagði hann, til að bera vitni um sannleikann, hlýðið sannleikanum, verið í saunleikanum, því "sannleikurinn mun gera yður fýjálsa". Hvíslík djúp speki! Ja sannarlega, sannleikurinn frelsar hvern einstakan mann og mannkynið frá öllu illu í þessu og öðru lífi, fyr eða síðar, og gerir manninn sælan og fullkominn. Saunleikurinn er ekki einungis guðs orð, heldur einnig guðs vilji, og þess vegna sigrar hann ætið, þegar tíminn er kominn, sem enginn veit, nema sá alvitri guð. Enn tíminn kemur, vafalaust, fyr eða síðar, því guð er bæði almáttugur og alvitur og hans vilji verður á himni og jörðu.

---